

80. stjórnarfundur Vestfjarðastofu & Fjórðungssambands Vestfirðinga

haldinn í staðfundi á Reykhólum og í fjarfundi þann 27. ágúst 2026 kl. 12:40

Mætt voru: Gylfi Ólafsson formaður, Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, Gauti Geirsson, Martha Kristín Pálmadóttir, Birta Lind Garðarsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Anna Björg Þórarinsdóttir og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir.

Kristján Jón Guðmundsson boðaði forföll og í hans stað kom Birta Lind Garðarsdóttir sem varamaður. Guðmundur Fertram Sigurjónsson var ekki á fundinum.

Sif Huld Albertsdóttir boðaði forföll og Lilja Sigurðardóttir sat fundinn í hennar stað.

Auk þess sátu fundinn Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnusviðs sem ritaði fundargerð.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

1. **Hvítbók um byggðamál** (til kynningar og umræðu 15 mín)
2. **Háskólasetur Vestfjarða** (til kynningar og umræðu – 15 mín)
3. **Greinargerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025** (til kynningar – 10 mín)
4. **Úthlutun Uppbyggingarsjóðs vegna ársins 2027** (til kynningar og afgreiðslu – 10 mín)
5. **Sólmyrkvi – uppgjör** – (til kynningar – 10 mín)
6. **Skýrsla framkvæmdastjóra** (til kynningar – 10 mín)
7. **Fundargerðir til kynningar**
 - a. [Stjórn SSH 631. fundur 17.08.2026](#)
 - b. [Fundargerð 84. fundar stjórnar SSNE 30. júní 2026](#)
 - c. [Fundargerð 85. fundar stjórnar SSNE 11. ágúst 2026](#)
 - d. [Fundargerð 141. fundar stjórnar SSNV 6. júlí 2026](#)
 - e. [172. Stjórnarfundur Austurbrúar 11. ágúst 2026](#)
 - f. [Fundargerð stjórnar SSA 11. ágúst 2026](#)
 - g. [637. fundur stjórnar SASS 5. júní 2026](#)

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

Formaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og fundur því settur.

1. Hvítbók um byggðamál

Formaður fór yfir umsögn FV og Vestfjarðastofu um hvítbók um byggðamál, sjá umsögn.

Til máls tóku: Sigríður Kristjánsdóttir kynnti drög að bókun, Þórkatla Ólafsdóttir og Hrafnhildur Þorsteinsdóttir.

Ályktun stjórnar Vestfjarðastofu

Stjórn Vestfjarðastofu lýsir þungum áhyggjum af boðuðum niðurskurði til sóknaráætlana í fjármálaáætlun 2027–2031, þar á meðal fyrirhugaðri 20% skerðingu framlaga árið 2030. Grunnframlög málaflokksins hafa staðið óbreytt frá 2018 og rýrnað verulega að raunvirði. Sóknaráætlanir hafa um 12 ára skeið reynst mikilvægt stefnumótandi tæki sem byggir á sérstöðu og þekkingu hvers landshluta, mótað í nánu samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

Í þá vinnu hefur verið lagður umtalsverður tími og fjármunir sem skilað hefur árangri í nýsköpun, atvinnuþróun og menningarlífi. Boðaður niðurskurður grefur undan þessum árangri og stefnir í hættu getu landshlutasamtaka til að sinna hlutverki sínu. Stjórnin krefst þess að fallið verði frá skerðingum og fjármögnun sóknaráætlana efld.

Ályktunin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Háskólasetur Vestfjarða

Framkvæmdastjóri fór yfir tvö minnisblöð frá Catherine Chambers forstöðumanni Háskólaseturs Vestfjarða. Annars vegar varðandi nýja námsleið í stjórnun lagareldis og hins vegar varðandi framtíðarhorfur vegna áforma stjórnvalda um aukna gjaldtöku.

Til máls tóku: Gylfi Ólafsson, Gauti Geirsson og Þórkatla Ólafsdóttir.

Ályktun stjórnar Vestfjarðastofu

Stjórn Vestfjarðastofu lýsir fullum stuðningi við áform Háskólaseturs Vestfjarða um nýja námsleið, viðbótarnám á meistarastigi í stjórnun lagareldis, unnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Lagareldi er ein af grunnatvinnugreinum Vestfjarða og námið byggir á sérstöðu og áratuga þekkingu HV í greininni.

Verkefnið fellur beint að markmiðum Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 og Sóknaráætlunar um eflingu atvinnulífs, nýsköpunar og sérfræðipekkingar í landshlutanum. Stjórnin hvetur menningar, nýsköpunar og háskólaráðuneyti til að tryggja fjármögnun svo verkefnið komist til framkvæmda og styrki þannig sjálfbæra byggðapróun á Vestfjörðum.

Vakin er athygli á að sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa lagt fram tillögur um kennslukvíar að norskri fyrirmynd í umsögnum um lagareldisfrumvarp, en þar var einnig litil til náms á menntaskólastigi.

Tillagan lögð fram til samþykktar af öllum.

3. Greinargerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025

Framkvæmdastjóri kynnti greinargerð Sóknaráætlunar Vestfjarða vegna ársins 2025.

Til máls tóku: Gylfi Ólafsson.

Stjórn þakkar starfsfólki Vestfjarðastofu góða vinnu við greinargerð Sóknaráætlunar Vestfjarða vegna ársins 2025.

4. Úthlutun Uppbyggingarsjóðs vegna ársins 2027

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblöð frá Magneu Garðarsdóttur og Aðalsteini Óskarssyni starfsmönnum Vestfjarðastofu varðandi ramma úthlutunar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða vegna ársins 2027. Formaður vakti sérstaka athygli á að gætt sé varfærni og horft til gildandi fjármálaáætlunar stjórnvalda þar sem gert er ráð fyrir skerðingu á fjármagni til Sóknaráætlana. Fjármagn til úthlutunar til atvinnuþróunar og menningarverkefna er þannig enn í sömu krónutölu og hefur verið frá árinu 2018.

Til máls tóku: Gylfi Ólafsson og Þórkatla Ólafsdóttir þau leggja til að fella brott áherslurnar og að áherslur Sóknaráætlunar í heild sinni sé viðmiðið við úthlutanir. Tillaga samþykkt.

Gauti Geirsson, Gylfi Ólafsson, Anna Björg Þórarinsdóttir og Þórkatla Ólafsdóttir tóku til máls varðandi stórar eða litlar upphæðir í styrki. Umræður voru á fundinum en engar tillögur um breytingar.

5. Sólmyrkvi – uppgjör

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað frá Sölva Guðmundssyni teymisstjóra hjá Vestfjarðastofu og forstöðumanni Markaðsstofu Vestfjarða þar sem farið var yfir vinnu vegna sólmyrkvans.

Stjórn þakkar greinargott yfirlit og gott starf Sölva Guðmundssonar og annarra starfsmanna Vestfjarðastofu sem komu að undirbúningi sólmyrkvans.

Til máls tóku: Gylfi Ólafsson, Þórkatla Ólafsdóttir, Sigríður Kristjánsdóttir, Hrafnhildur. Öll sammála um góður undirbúningur skilaði þessum góða árangri.

6. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefni sumarsins. Guðrún Anna Finnbogadóttir fór yfir áhersluverkefnið Gullkistan Vestfirðir og framvindu þess á árinu.

Í umræðum stjórnar kom fram ánægja með verkefnastjórn verkefnisins og að verkefnið sýndi fjölþátta sókn og flotta hönnun. Jafnframt að skemmtileg „dýnamík“ hefði skapast á hverjum stað og að tilefni væri til áframhaldandi vinnu í tengslum við Gullkistuna. Hugmyndir komu fram um að næsta verkefni Gullkistunnar yrðu starfakynningar á þremur stöðum á Vestfjörðum haustið 2027. Framkvæmdastjóra og teymisstjóra falið að vinna verkefnið áfram.

Til máls tóku: Gylfi, Þórkatla, Gauti, Hrafnhildur, Guðrún Anna og Sigríður

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannamál þar sem fram kom að Margrét Jóhanna Birkisdóttir hefur látið af störfum hjá Vestfjarðastofu eftir að hafa unnið fyrir stofnunina og forvera hennar í 25 ár. Stjórn þakkar Margréti störf hennar í þágu Vestfjarða.

Framkvæmdastjóri fór yfir fundadagskrá stjórnar og lagði til að stjórnarfundir Vestfjarðastofu yrðu færðir á miðvikudaga. Stjórn samþykkti að flytja fundina á fjórða miðvikudag hvers mánaðar og að fundur Sóknarhóps væri kl. 10:00, Vestfjarðastofu kl. 11:00 og Fjórðungssamband kl. 12:30.

Til máls tóku: Sigríður, Þórkatla, Gylfi og Hrafnhildur

Umræður frá Sóknarhópi teknar upp varðandi bílastæðagiöld við Dynjanda sem hækkuð voru umtalsvert fyrirvaralaust á miðju sumri. Umræður um ferli við Verndaráætlun Dynjanda, fyrirsjáanleika og fleira. Gauti Geirsson sendir ábendingar beint á Náttúruverndarstofnun fyrir hönd Sóknarhóps.

Til máls tóku: Gauti, Guðrún Anna, Þórkatla og Gylfi.

Fundi slitið kl. 14:00.

Fundur stjórnar FV

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

1. Ungmennaráð (Erna Lea Bergsteinsdóttir) (kynning og umræða)
2. Efni haustþings FV– Staða og undirbúningur (umræða)
3. Fjárhagsáætlun FV 2027 og þriggja ára áætlun (umræða og vísa til fjárhagsnefndar)
4. Umsagnir og þingmál (kynning – 10 mín)

1. Ungmennaráð

Erna Lea Bergsteinsdóttir verkefnisstjóri farsældarráðs fór yfir minnisblað vegna fyrirkomulags ungmennaráðs. Kynnti drög að erindisbréfi fyrir ungmennaráð. Minnisblað um aldurinn í ungmennaráði. Ungmennum finnst ráðið ekki eiga við sig eftir að þau fara í framhaldsskóla og lagði fram nokkrar tillögur.

Til máls tóku: Gylfi Ólafsson og ræddi um erindisbréf ungmennaráðs fyrir Ísafjarðarbæ. Þórkatla Ólafsdóttir og Hrafnhildur Þorsteinsdóttir telja að aldursskipting væri góð. Erna Lea vill virkja líka þá sem eru í námi annarsstaðar með lögheimili á Vestfjörðum. Sigríður Ó. Kristjánsdóttir að yngri börn væru í ungmennaráði sveitarfélaganna og 15-19 ára í ungmennaráði Fjórðungssambandsins. Endurskoða þyrfti ungmennaping og fleira í þessu samhengi. Gylfi leggur til að málinu sé frestað og útfært betur til að hægt sé að leysa verkefnið með sóma.

Erna Lea kynnti barnvæn sveitarfélög og óskir um samstarf með UNICEF. Óskar eftir að fá að funda með sveitarfélögunum.

2. Efni haustþings FV – Staða og undirbúningur

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að uppleggi haustþings og gögn sem fyrirhugað er að senda til þingfulltrúa til undirbúnings.

Til máls tóku: Gylfi Ólafsson lagði til að taka út verkefni úr svæðisáætluninni til umræðu á fundinum. Sirrý tilkynnir hamingjustund á mánudeginum 26. október til að fólk fái tækifæri til að kynnast. Marta og Gylfi verða með skemmtiatriði. Farið yfir fyrirkomulag þingsins og forgangsröðun verkefna.

3. Fjárhagsáætlun FV 2027 og þriggja ára áætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2027 og þriggja ára fjárhagsáætlun. Enn er vakin athygli á niðurskurði til Sóknaráætlana fram undan.

Til máls tóku: Þórkatla, Gylfi

Stjórn Fjórðungssambands vísar drögum að fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar FV.

4. Umsagnir og þingmál

- Umsögn um hvítbók um byggðáætlun – umsögn áður afgreidd í tölvupósti og staðfest.
- Umsögn um flutningskerfi raforku – umsögn áður afgreidd í tölvupósti og staðfest.

Fundi slitið kl. 15:03.

